

LITLI
TONSPROTINN



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

DIMMALIMM OG SVANAVATNIÐ

14. MARS
2020



Myndum sem varpað er upp meðan á flutningi *Dimmalimm* stendur og myndir í tónleikaskrá eru eftir listmálarann Mugg, Guðmund Thorsteinsson. Myndirnar eru birtar með góðfúslegu leyfi Elínar Bergs.

Myndin *Svanur í tjörn* eftir Ásgrím Jónsson er bakgrunnsmynd *Svanavatnsins*. Myndin er birt með góðfúslegu leyfi Listasafns Íslands.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50



[@icelandsymphony](https://www.instagram.com/icelandsymphony) / [#sinfó](https://twitter.com/sinfó)



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Aðalstyrktaraðili

GAMMA

Bak hjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

TÓNLEIKAR Í ELDBORG LAUGARDAGINN 14. MARS 2020

KL. 14:00 & 16:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bjarni Frimann Bjarnason *hljómsveitarstjóri*

Barbara trúður/Halldóra Geirharðsdóttir *kynnir*

Gradualekór Langholtskirkju

Þorvaldur Örn Davíðsson *kórstjóri*

Nemendur úr Listdanskóla Íslands

Guðmundur Helgason *listrænn stjórnandi*

Nanna Ólafsdóttir og

Sigrún Ósk Stefánsdóttir *æfingastjórn*

Efnisskrá

Atli Heimir Sveinsson

Dimmalimm

Forleikur

Söngur Dimmalimm

Trúðadans

Millispil

Söngur Péturs

Lokasöngur

Pjotr Tsjajkovskíj

Úr Svanavatninu

Scène

Dans litlu svananna

Dans frá Napólí

Rússneski dansinn

Pas de deux úr 1. þætti

Atli Heimir Sveinsson

Kvæðið um fuglana



Á DÖFINNI Í LITLA TÓNSPROTANUM

Lau 25. apríl kl. 12:00 og kl. 14:00

Hvar er húfan mín?

Sinfóníuhljómsveitin okkar tekst nú á hendur í fyrsta sinn stórkostlega skemmtilegt ferðalag til Kardemommubæjar og Hálsaskógar. Hvar er húfan mín?... Ja, fússum svei!... Dvel ég í draumahöll... Þegar piparkökur bakast... og fjölmörg önnur kunnugleg lög úr heimahögum Kaspers og Jespers og Jónatans, Soffíu frænku, Lilla klifurmúsar og Mikka refs hljóma nú í fyrsta sinn í Eldborg í fallegum útsetningum Jóhanns G. Jóhannssonar. Jóhanna Vigdís Arnardóttir, Pálmi Gestsson, Valur Freyr Einarsson og Örn Árnason ásamt Kór Kársnesskóla og hljómsveitarstjóranum Marit Strindlund bjóða tónleikagesti velkomna í ævintýraveröld Thorbjörns Egner.



UM TÓNLISTINA

Listmálarinn **Muggur**, Guðmundur Thorsteinsson, samdi ævintýrið um *Dimmalímm* árið 1921 handa lítilli íslenski frænku sinni þegar hann var á siglingu á Miðjarðarhafinu. Ævintýrið er meðal helstu gersema listmálarans sem málaði gullfallegar myndir með sögunni sem tónleikagestir njóta á tónleikunum meðan á flutningi tónlistarinnar stendur. **Atli Heimir Sveinsson** tónskáld samdi tónlistina við *Dimmalímm* sem skipaði sér strax í flokk helstu djásna íslenskra tónverka.

Atli Heimir byrjaði að læra á píanó þegar hann var 10 ára gamall og samdi ógrynni af tónlist fyrir hljómsveitir, einleikara, söngvara og kóra. Þáttunum úr *Dimmalímm*, sem við heyrum á tónleikunum í dag, raðaði **Atli Heimir** upp í litla svítu þar sem sagan um prinsessuna **Dimmalímm** er lesin á milli hljómsveitarkafllanna.

Svanavatnið eftir Tsjajkovskíj er ein þekktasta ballettónlist sem samin hefur verið og stundum er sagt að **Svanavatnið** sé vinsælasti rómantíski ballett sögunnar. Ballettinn er stórt og mikið verk en valdir þættir verða fluttir á tónleikunum í dag eins og **Dans litlu svananna**, **Dans frá Napólí** og **Rússlandi** auk skemmtilegra hljómsveitarkaflla. Í rússneska dansinum leikur konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitarinnar, Nicola Lolli, einleik á fiðlu.

Atli Heimir Sveinsson samdi lagið sem sungið er við ljóð Davíðs Stefánssonar, *Kveðið um fuglana*. Lagið, sem einnig er stundum nefnt *Snert hörpu mína*, hefur frá upphafi verið einstaklega vinsælt enda sannkölluð söngperla.



KVÆÐIÐ UM FUGLANA

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjarlarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Davíð Stefánsson

